

## Áform um lagasetningu

Athugasemdir frá Ólafi S. Andrésyni og Sigrúnu Helgadóttur

A

1. Við styðjum heils hugar stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Ísland og fögnum því að nú sé loks unnið að friðlýsingu þess verðmæta landsvæðis. Við erum sammála áformum um lagasetningu um þjóðgarðinn og þeim áherslum sem fram koma í framlögðu plaggi.
2. Jafnframt því að lögð er áhersla á áþreifanleg verðmæti sem felast í náttúru Íslands er mikilvægt að ítreka hlutverk og mikilvægi óefnislegra gilda og gæða svo sem hughrifa sem fólk sækir til víðerna, kyrrðar og tengsla við náttúru sem byggjast á virðingu og samsömun við völduga en þó viðkvæma náttúru.  
Mikilvægt er að þjóðgarðayfirvöld hafi forræði yfir minjum innan svæðisins, þ.á.m. fornminjum í nánnum tengslum við Minjastofnun. Víða á hálandinu eru fornminjar, svo sem rústir, vörður og gamlar leiðir sem mikilvægt er að skrá og vernda en því hefur lítt verið sinnt fram að þessu.
3. Þau svæði á miðhálandinu sem eru utan Vatnajökulsþjóðgarðs hafa búið við misgóða verndun og sum enga. Með fyrirhugaðri lagasetningu um miðhálandisþjóðgarð næst samræmi og yfirsýn yfir þetta mikilvæga svæði en það hefur sárlega vantað.  
Kostir dreifstýrðrar stjórnunar nást ekki nema jafnræðis sé gætt meðal íbúa landsins. Í áformunum eru aðeins nefndir „hagaðilar“ og sveitarfélög. Rík hefð er fyrir því að nota orðin „hagaðili“ og „hagsmunaaðili“ yfir þá sem hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Stjórn miðhálandisþjóðgarðs Íslands varðar a.m.k. alla íbúa landsins. Mikilvægt er að þeir sem hafa áhuga og „óefnislegra“ hagsmuna að gæta geti líka átt ríkan þátt í stjórnuninni þótt þeir búi ekki í aðliggjandi sveitarfélögum. Forðast þarf það fyrirkomulag að innan stjórnar myndist bandalög hagsmunaaðila sem láta sérhagsmuni og skammtímasjónarmið ráða.

C

Við fögnum sérstaklega áformum um sérstaka stofnun sem fer með málefni allra friðlýstra svæða landsins (Náttúruvernd Íslands).

E.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að hefðbundin landnýting á almenningseign sé afnotaréttur en ekki eignaréttur. Einnig að kveðið sé á um sjálfbæra nýtingu á öllum auðlindum.

F

„eigendur óbeinna eignarréttinda“ á að vera „afnotaréttur“. eru einhver sveitarfélög sem liggja innan miðhálandislínu?

Enn og aftur er lögð áhersla á „náð samráð við sveitarfélög og hagsmunaaðila“. Við hin, þessi áhugasömu, hugsjónafólkið og fagfólkið, höfum mikið til málanna að leggja en fáum ekki sömu tækifæri til áhrifa.

H

Enn vantar almenning í þennan lið! (3. liður.)

Ólafur S. Andrésen (091051 4519)

Sigrún Helgadóttir (220949 7299)